

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 402/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. október 1989. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Engjaseli 72, hér í borg, en dvalarstaði að Suðurhólum 22 og Álfheimum 64, Reykjavík, kt. 11.04.64-4289, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

Kærði Sigurjón er grunaður um innbrot í Víkurskála, Vík í Mýrdal, ásamt Daníel Péturssyni og Jóni Hinriki Hjartarsyni aðfaranótt 13. október sl., en kærði hefur staðfastlega neitað því.

Kærði Daníel Jóhannes Pétursson, bróðir Sigurjóns, hefur borið, að þeir hafi farið austur, hann, Sigurjón og Jón Hinrik, aðfaranótt sl. föstudags, en áður tekið jeppabifreið af gerðinni Dodge Ramcharger, A 11191, á bílasölu við Borgartún, sem þeir hafi notað í ferðina. Þá hefur kærði Daníel borið, að hann hafi komist inn um glugga á skálanum, en síðan opnað fyrir Sigurjóni. Jón Hinrik hafi hins vegar að mestu verið úti í bíl. Á staðnum hafi þeir brotið upp peningaskáp og tekið með sér um 70.000,00 krónur í peningum.

Kærði Sigurjón hefur viðurkennt að hafa farið ásamt Jóni Hinriki á nokkrar bílasölur sl. fimmtudag og m.a. prófað bifreiðina A 11191. Kærði hefur hins vegar neitað að hafa tekið hana. Bifreiðin fannst í Hveragerði, en þar varð hún bensinlaus, er kærðu voru á leið í bæinn aftur.

RLR hefur nú undanfarið rannsakað fjölmörg innbrot, sem hafa verið með svipuðum hætti og innbrotið í Vikurskála, þar sem peningaskápar hafa ýmist verið fjarlægðir með verðmætum í eða brotnir upp á staðnum. Má þar nefna innbrot í KÁ, Þorlákshöfn, 2.10. sl., Laugarásbíó 5.10. sl., innbrot í vinnustofu Múlalundar, Hátúni 10 C, og verslunina Bonus, Faxafeni 14, hér í borg, 6.10.-8.10. sl. og innbrot í Skaftárskála, Kirkjubæjarklaustri, aðfaranótt 9.10. sl. Í þessum innbrotum hafa horfið umtalsverðir fjármunir, u.þ.b. 2.300.000,00 krónur, og að auki hafa miklar skemmdir verið unnar á vettvangi.

Kærði Sigurjón hefur margoft verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot, m.a. fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00, enda veruleg hættu á, að kærði spilli sakargögnum og hafi áhrif á samseka, haldi hann óskertu frelsi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00.